



MYND2TM05

Kennsluáætlun – vorönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnarsdottir@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið í gegnum og skoðað eðli myndskreytinga (myndlýsinga) og þýðingu þeirra fyrir annars samfelldan texta. Rýnt verður í skopteikningar dagblaða og tímarita og þau miklu áhrif sem þess háttar miðlun getur haft. Farið verður í uppbyggingu hinnar klassísku myndasögu, mikilvægi myndbyggingu hvers ramma sem og myndbyggingu hverrar síðu og að innihald komst til skila ekki síst í gegnum myndmálið. Einnig verða skoðaðar styttri strípur sbr. í dagblöðum. Lögð verður áhersla á að nemendur finni sinn stíl.

Verkefnin munu felast í því að myndskreyta íslenska smásögu, vinna skopteikningar sem endurspeglan samtímann (rauntíma) hvort heldur á Íslandi eða annars staðar í heiminum, vinna litlar strípur með “punchline” og loks lengri myndasögu út frá þjóðsögum og goðafræði.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutverki og áhrifum myndskreytinga með samfelldum texta.
- hvernig stíll og myndbygging geta byggt upp tilfinningu fyrir textanum.
- mikilvægi þess að finna rétta vinkilinn úr textanum til myndskreytingar.
- mikilvægi myndskreyta í upplýsingaheimi nútímans.
- ábyrgð myndskreyta í hverjum samtíma
- hvað þarf að vera í myndasögu til þess að hún komist til skila án margara orða og jafnvel orðalaust.
- mikilvægi flæðis í myndasögunni.
- mikilvægi góðrar uppsetningar á myndasögu þar sem hver rammi skiptir máli í heildarmyndbyggingu síðunnar.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að greina meginatriði textans sem skal myndskreyta.
- að geta sagt margt með einni mynd.
- vekja áhuga á textanum með mynd.
- að greina þjóðfélagsmál á myndrænan máta.
- að gera einfalda og samfélagsmiðaða skopteikngu.
- að setja upp einfalda teiknimyndasögu með eða án texta.
- að koma flæði myndasögunnar vel skila.
- að gera hvern ramma einstakan en þó hluta af heildinni.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- myndskreyta á lýsandi máta einfaldan texta með eigin stíl.
- gera skopteikningu út frá málefnum líðandi stundar.
- setja upp einfalda teiknimyndasögu í eigin stíl með góðu flæði og góðri myndbyggingu.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, bækur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn í próflaus símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr. og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Mappa (5%)
- Myndskreyting (25%)
- Skopmyndir (20%)
- Strípur (15%)
- Myndasaga (35%)

Tímaáætlun verkþátta

1. Mappa - 5% (3 kst): 6. - 8. jan.

Mappan myndskreytt á einfaldan máta með lýsandi eigin stíl. Nafn, áfangi og önn þarf að koma fram á möppunni.

2. Myndskreyting – 25%: (16 kst): 11. jan. - 5. feb.

Farið í og skoðaðar ýmsar myndskreytingar í bókum og tímaritum, bæði gamlar og nýjar. Þælt í ólíkum stílum og mikilvægi þess að greina þann part textans sem er myndrænn og gæti orðið kveikja fyrir tilvonandi lesendur textans. Kennari leggur til íslenskar smásögur sem nemendur þurfa að myndskreyta í kjölfarið.

3. Skopmyndir – 20%: (12 kst): 8. feb. - 3. mars

Skopmyndir eru hafa um áratugaskeið verið mikilvægur í þáttur í samfélagsrýni. Nú er svo komið að myndskreytar eru beinlínis í lífshættu vegna skopmynda sinna. Rýnt verður í þetta og sem og mikilvægi og ábyrgð myndskreyta í nútímasamfélagi. Nemendur munu þurfa að vinna að skopmyndum út frá líðandi stundu.

4. Strípur – 15%: (9 kst): 4. - 18. mars

Strípur hafa verið við líði í áratugi og almenningur notið þeirra t.d. í dagblöðum. Sumar eru pólitískar, aðrar heimspekilegar og sumar “bara” myndar. Strípur í gegnumtíðina verða skoðaðar, mikilvægi sterkrar persónusköpunar í þess háttar formi og hvað einfalt myndmál og lítill texti geta sagt margt. Nemendur munu gera sínar eigin strípur.

5. Myndasaga – 35%: (23 kst): 30. mars - 11. maí

Myndsagan hefur verið vinsæl frá því um miðja síðustu öld og margir karakterar úr myndasögum eru heimspekkir. Skoðaðar verða teiknimyndasögur í gegnumtíðina og áhrif þeirra, rýnt í karaktera út frá persónuleika og hlutverki, farið vel í mikilvægi myndbyggingar bæði í hverjum ramma fyrir sig sem og allri síðunni. Farið verður vel í að breyta samfelldum texta í myndasögu þar sem myndmálið er aðalatriðið og textinn er til stuðnings. Nemendur munu vinna myndasögu út frá íslenskum þjóðsögum og norrænni goðafræði. Þeir verða sjálfir að vinna textann niður í myndasöguna.

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.